

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2024/1045****2026/EES/24/21****frá 9. apríl 2024****um breytingu á reglugerð (EB) nr. 333/2007 að því er varðar aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna eftirlits með innihaldi nikkels í matvælum og um breytingu á tilteknum tilvísunum (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) ⁽¹⁾, einkum 6. mgr. 34. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 333/2007 ⁽²⁾ er mælt fyrir um aðferðir við sýnatöku og greiningu sem skal nota vegna opinbers eftirlits með innihaldi snefilefna og aðskotaefna úr vinnslu í matvælum.
- 2) Til að tryggja áreiðanleika og samræmi opinbers eftirlits með hámarksgildum fyrir nikkeli í tilteknum matvælum ætti að fastsetja sértækar kröfur í reglugerð (EB) nr. 333/2007 varðandi þær aðferðir sem eru notaðar við sýnatöku og greiningar á rannsóknarstofu að því er varðar aðskotaefnið og til að ákvarða þurrefnisinnihald matvæla.
- 3) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/915 ⁽³⁾ eru sett fram hámarksgildi fyrir nikkeli í tilteknum matvælum og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 ⁽⁴⁾ felld úr gildi. Í 9. gr. reglugerðar (ESB) 2023/915 er kveðið á um að líta beri á tilvísanir í niðurfelldu reglugerð (EB) nr. 1881/2006 sem tilvísanir í reglugerð (ESB) 2023/915 og að þær skuli lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í II. viðauka við þá reglugerð. Í samsvörunartöflunni í II. viðauka eru þó ekki gefnar upplýsingar um samsvörun milli tiltekinna færslna í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2023/915 og viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1881/2006 og þetta gerir það erfitt um vik að skilja tilvísanir sem eru gerðar í reglugerð (EB) nr. 333/2007 í viðaukann við reglugerð (EB) nr. 1881/2006. Þess vegna þykir rétt að skipta út tilvísunum í reglugerð (EB) nr. 333/2007 í tilteknar færslur í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1881/2006 fyrir tilvísanir í samsvarandi færslur í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2023/915. Í þágu samræmis ætti einnig að skipta út öllum öðrum tilvísunum í reglugerð (EB) nr. 1881/2006 í reglugerð (EB) nr. 333/2007 fyrir tilvísanir í reglugerð (ESB) 2023/915.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L, 2024/1045, 10.4.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 12/2026 frá 6. febrúar 2026 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 95, 17.4.2017, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2017/625/oj>.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 333/2007 frá 28. mars 2007 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna eftirlits með innihaldi snefilefna og aðskotaefna úr vinnslu í matvælum (Stjtið. ESB L 88, 29.3.2007, bls. 29, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2007/333/oj>).

(3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/915 frá 25. apríl 2023 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 (Stjtið. ESB L 119, 5.5.2023, bls. 103, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2023/915/oj>).

(4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 frá 19. desember 2006 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum (Stjtið. ESB L 364, 20.12.2006, bls. 5, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2006/1881/oj>).

- 4) Hinn 14. desember 2019 felldi reglugerð (ESB) 2017/625 um opinbert eftirlit reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004⁽⁵⁾ úr gildi og kom í hennar stað. Þar eð verið er að skipta út tilvísunum í reglugerð (EB) nr. 1881/2006 þykir rétt að skipta einnig út tilvísuninni í reglugerð (EB) nr. 882/2004.
- 5) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 333/2007 til samræmis við það.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 333/2007 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 1. gr. kemur eftirfarandi:

„*1. gr.*

1. Sýnataka og greining vegna eftirlits með innihaldi blýs, kadmíums, kvikasilfurs, ólifræns tins, ólifræns arsens, nikkels, 3-mónóklóróprópan-1,2-díóls (3-MCPD), 3-MCPD fitusýruestra, glýsídýlfitusýruestra, fjöhlringa, arómatískra vetniskolefna og perklórats, sem eru skráð í 3., 5. og 6. lið I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/915 (*), og vegna eftirlits með innihaldi akrýlamíðs í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2158 (**), skal fara í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. Fyrsta málsgrein gildir með fyrirvara um ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 (***)

(*) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/915 frá 25. apríl 2023 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 (Stjtið. ESB L 119, 5.5.2023, bls. 103).

(**) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2158 frá 20. nóvember 2017 um að koma á mildandi ráðstöfunum og viðmiðunarmörkum til að draga úr tilvist akrýlamíðs í matvælum (Stjtið. ESB L 304, 21.11.2017, bls. 24).

(***) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (Stjtið. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1).“

- 2) Viðaukanum er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

(5) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglum um heilbrigði og velferð dýra séu virt (Stjtið. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2004/882/oj>).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. apríl 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 333/2007 er breytt sem hér segir:

1) Í stað liðar C.2.1 kemur eftirfarandi:

„C.2.1 **Varúðarráðstafanir og almenn umfjöllunaratriði**

Grunnkrafan er að ná dæmigerðu og einsleitu rannsóknarsýni án þess að það verði fyrir utanaðkomandi mengun.

Heildarmagnið, sem hámarksgildið á við um, skal notað við jafnblöndun á sýninu.

Að því er varðar aðrar afurðir en fisk skal nota allt efni sýnisins, sem rannsóknarstofan tekur á móti, við undirbúning rannsóknarsýnisins.

Að því er varðar fisk skal allt efni sýnisins, sem rannsóknarstofan tekur á móti, vera jafnblandað. Nota skal dæmigerðan hluta eða magn úr einsleitu safnsýni við undirbúning rannsóknarsýnisins.

Ef hámarksgildin eiga við um þurrefni skal þurrefnisinnihald vörunnar ákvarðað í hluta sýnis sem hefur verið gert einsleitt með aðferð sem sýnt hefur verið fram á að ákvarði þurrefnisinnihaldið nákvæmlega.

Ákvarðað skal á grundvelli þess innihalds, sem finnst í rannsóknarsýnum, hvort farið er að ákvæðum um hámarksgildin sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2023/915.“

2) Í stað liðar C.2.2.1 kemur eftirfarandi:

„C.2.2.1 Sértekjar verklagsreglur fyrir blý, kadmíum, kvikasilfur, ólífrænt tin, ólífrænt arsen, heildarmagn arsens og nikkell

Greinandinn skal tryggja að sýni mengist ekki við undirbúning. Hvar sem því verður við komið skulu tæki og búnaður, sem komast í snertingu við sýni, ekki innihalda þá málma sem á að greina og vera úr hvarftregu efni á borð við plast, s.s. pólýprópýlen eða pólýtetraflúoretýlen (PTFE) o.s.frv. Þau skulu þrífín með sýru til að draga úr áhættu á mengun. Ryðfrítt gæðastál má vera í egg skurðáhalda.

Til eru margskonar viðunandi sértekjar verklagsreglur um undirbúning sýna sem heimilt er að nota vegna varanna sem hér er um að ræða. Að því er varðar þá þætti sem þessi reglugerð tekur ekki sérstaklega til hafa aðferðir sem lýst er í CEN-staðlinum „Foodstuffs. Determination of elements and their chemical species. General considerations and specific requirements“ (*) talist fullnægjandi en aðrar aðferðir við undirbúning sýna geta verið jafngóðar.

Ef um er að ræða ólífrænt tin skal þess gætt að allt efnið leysist upp, þar eð vitað er að tap getur auðveldlega orðið, einkum vegna þess að óleysanleg, vötnuð Sn(IV)-oxíð geta myndast við vatnsrof.

Ef um er að ræða nikkell geta komið upp mengunarvandamál ef búnaður úr ryðfríu stáli eða járn er notaður við sýnatöku eða greiningu. Í slíkum tilvikum skal nota sértekjan búnað úr efniviðum á borð við títan, leir eða agat.

(*) Staðall EN 13804:2013, „Foodstuffs. Determination of elements and their chemical species. General considerations and specific requirements“, CEN, Rue de Stassart/Strassartstraat 36, B-1050 Bruxelles/Brussel, BELGIQUE/BELGIË.“

3) Í stað a-liðar í lið C.3.3.1 kemur eftirfarandi:

„a) Nothæfisviðmiðanir við greiningaraðferðir fyrir blý, kadmíum, kvikasilfur, ólífrænt tin, ólífrænt arsen, heildarmagn arsens og nikkel

Tafla 5

Mæliþáttur	Viðmiðun			
Notkunarsvið	Matvæli sem tilgreind eru í reglugerð (ESB) 2023/915			
Sértæki	Laus við truflanir frá efniviði eða litrófstruflanir			
Endurtekningarnákvæmni (RSD _r)	HORRAT, minni en 2			
Samanburðarnákvæmni (RSD _R)	HORRAT _R , minni en 2			
Endurheimt	Ákvæði liðar D.1.2. gilda			
LOD	= þrjú tíundu hlutar af magngreiningarmörkum			
Magngreiningarmörk (LOQ)	Ólífrænt tin	≤ 10 mg/kg		
	Blý	ML ≤ 0,02 mg/kg	0,02 < ML < 0,1 mg/kg	ML ≥ 0,1 mg/kg
		≤ ML	≤ tveir þriðju hlutar af ML	≤ fimmti hluti af ML
	Kadmíum, kvikasilfur	ML ≤ 0,02 mg/kg	0,02 < ML < 0,1 mg/kg	ML ≥ 0,1 mg/kg
		≤ tveir fimmtu hlutar af ML	≤ tveir fimmtu hlutar af ML	≤ fimmti hluti af ML
	Ólífrænt arsen og heildarmagn arsens	ML ≤ 0,03 mg/kg	0,03 < ML < 0,1 mg/kg	ML ≥ 0,1 mg/kg
		≤ ML	≤ tveir þriðju hlutar af ML	≤ tveir þriðju hlutar af ML
	Nikkel	ML ≤ 0,3 mg/kg	0,3 < ML < 0,6 mg/kg	ML ≥ 0,6 mg/kg
		≤ ML	≤ tveir þriðju hlutar af ML	≤ einn þriðji hluti af ML“

4) Í fyrsta undirlið b-liðar í lið C.3.3.1: í stað tilvísana í lið 4.1 í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1881/2006, í fyrirsögn töflu 6a og í töflu 6a, kemur liður 5.2 í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2023/915.

5) Í öðrum undirlið b-liðar í lið C.3.3 1: í stað tilvísana í lið 4.3 í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1881/2006, í fyrirsögn töflu 6b og í töflu 6b, kemur liður 5.3 í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2023/915.

6) Í þriðja undirlið b-liðar í lið C.3.3.1:

a) Í stað tilvísunar í lið 4.3 í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1881/2006, í fyrirsögn töflu 6c og í töflu 6c, kemur liður 5.3 í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2023/915.

b) Í dálknum „Mæliþáttur“ í töflu 6c kemur tilvísun í færslu 5.3.1 í stað 4.3.1, 5.3.2 í stað 4.3.2, 5.3.3.1 í stað 4.3.3 og 5.3.3.2 í stað 4.3.4.

- 7) Í fjórða undirlið b-liðar í lið C.3.3.1:
 - a) Í stað tilvísunar í lið 4.2 í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1881/2006, í fyrirsögn töflu 6d og í töflu 6d, kemur liður 5.4 í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2023/915.
 - b) Í dálknum „Mæliþáttur“ í töflu 6d kemur tilvísun í færslu 5.4.1 í stað 4.2.1, 5.4.2 í stað 4.2.2, 5.4.3.1 í stað 4.2.3 og 5.4.3.2 í stað 4.2.4.
 - 8) Í c-lið í lið C.3.3.1 í töflu 7 kemur tilvísun í reglugerð (ESB) 2023/915 í stað reglugerðar (EB) nr. 1881/2006.
 - 9) Í lið D.1.1 kemur tilvísun í reglugerð (ESB) 2023/915 í stað reglugerðar (EB) nr. 1881/2006.
 - 10) Í lið D.2.1 kemur tilvísun í reglugerð (ESB) 2023/915 í stað reglugerðar (EB) nr. 1881/2006.
 - 11) Í lið D.2.2 kemur tilvísun í reglugerð (ESB) 2023/915 í stað reglugerðar (EB) nr. 1881/2006.
-